

Ólafur Páll Jónsson

Náttúra, vald og verðmæti



HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

9. kafli

LÝÐRÆÐI, KOSNINGAR OG VORIÐ 2006

1. Vorið 2006

„Vont er þeirra ránglæti, verra þeirra réttlæti,“ sagði Jón Hreggviðsson forðum og enn lengra aftur í fornöldinni sagði Þrasýmakkos, um leið og hann snupraði Sókrates fyrir fiðlalæti og uppgerðarfávísi, að réttlæti væri ekkert annað en það sem kæmi hinum sterka vel.¹⁶¹ Síðan Þrasýmakkos hæddist að Sókratesi hefur réttlætið verið eitt af meginviðfangsefnum heimspekinga en líka lögfræðinga, stjórn málafræðinga, félagsfræðinga og loks hagfræðinga eftir að slíkir fræðingar urðu til. Fyrir vikið vitum við að réttlátu ríki er stjórnað lýðræðislega því lýðræðið er hin allra besta af allri mögulegri stjórn skipan. Það er bara þessi eini hængur á, nefnilega að við eigum í mesta basli með að segja hvað lýðræði er.

Karl Popper sagði eitt sinn að lýðræði væri stjórnarfar sem gerði fólki kleift að skipta um valdhafa án blóðsúthellinga. Þetta gerir lýðræðið sannarlega eftirsóknarvert. En er þetta allt og sumt sem lýðræðið hefur til síns ágætis? Einhver kynni að bæta við að lýðræði sé það stjórnarfar þar sem fólkið stjórnar ríkinu – lýðræði er stjórn lýðsins. Eins og aðrar klisjur hljómar þetta vel. En augnabliks umhugsun leiðir í ljós að klisjan er fullkomlega innihaldslaus.

¹⁶¹ Platon, *Ríkið*, 338C.

Kunningi minn einn hefur tekið þátt í mörgum kosningum og alltaf lent í minnihluta. Í síðustu borgarstjórnarkosningum kaus hann Frjálslynda flokkinn og var nokkuð hróðugur að kvöldi kjördags þegar hann sá að flokkurinn hafði hlotið 10% atkvæða. Að vísu er það enn minnihluti, en dágóð sneið eftir sem áður. Það var heldur annað upplit á honum nokkrum vikum síðar þegar í ljós kom að Frjálslyndi flokkurinn átti ekki fulltrúa í neinni nefnd borgarinnar.

„Vertu samt glaður,“ sagði ég og reyndi að hughreysta manninn, „þú hefur þó alltént notað kosningaréttinn og þannig tekið þátt í að stjórna borginni. Og þar með stjórnar þú borginni eins og allir hinir.“

„Ég stjórna engu og allra síst borginni,“ svaraði kunninginn, „heldur hef ég verið hafður að fifli í nafni lýðræðisins.“

„Já, en svona er lýðræðið,“ maldaði ég í móinn. „Sumir lenda í meirihluta og aðrir í minnihluta. Öðruvísi getur það ekki verið.“

„Það getur vel verið,“ sagði kunninginn og það var alveg ljóst að honum var engin huggun í þeirri óvæfengjanlegu staðreynd að ef einhver er í meirihluta þá sé viðbúið að annar sé í minnihluta. „Ég er að minnsta kosti í stærri minnihluta en Framsókn, sem virðist þó vera í meirihluta í stjórninni sem samanlagt er samt í minnihluta. Í þessum kosningum eru allir í minnihluta, meira að segja meirihlutinn. Minnihlutinn verður að meirihluta þegar kemur að því að stjórna, og þá verður meirihlutinn að minnihluta og fær bara að fylgjast með og í besta falli að kjósa á móti meirihlutanum. En kosningarnar skipta auðvitað engu máli, því það er minnihlutinn sem stjórnar með því að verða að meirihluta og meirihlutinn, sem stjórnar ekki af því að hann er í minnihluta, ræður engu.“

Þótt mér fyndist kunningi minn vera með einhvers konar útúr-
snúninga eða beita mig mælskuþróðum, þá gat ég samt ekki hrakið það sem hann sagði. Það var eitthvað verulega fíflalegt við þetta allt saman. Í öllu falli vissi ég ekki hvernig ég gæti mælt þessu lýðræði bót. Ég vék því talinu að þeirri dæmalausú vætutíð sem hafði hrjáð borgarbúa síðasta mánuðinn og enginn réð neinu um.

„Það er hreint ótrúlegt að það skuli einungis hafa verið fjórir vætulausir dagar í Reykjavík allan júnímánuð.“

„Satt er það,“ sagði hann. „Sólskinsdagarnir eru í hræðilegum minnihluta.“

2. Lýðræði í kreppu

Það er ekki bara kunningi minn sem er að missa trúna á lýðræðið. Lýðræðið á undir högg að sækja, sumir segja að það sé í kreppu. En hver er kreppan? Hnattvæðing, sérfræðingaveldi, velmegun og vani – allt eru þetta atriði sem fólk nefnir sem ástæður þess að lýðræðið sé í kreppu eða sé að minnsta kosti ekki eins frísklegt og einhvern tímann áður.

Hnattvæðingin

Hnattvæðingin vegur að lýðræðinu með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með því að mikið vald hefur færst frá stofnunum og fyrirtækjum, sem hafa fram að þessu unnið innan marka (þjóð)ríkisins, yfir til alþjóðlegra fyrirtækja. Til skamms tíma mörkuðu landamæri ekki bara búsvæði heldur einnig valdasvæði. Nú marka landamæri búsvæði, en afmörkuð valdasvæði eru smátt og smátt að mást út og í staðinn hefur orðið til eitt allsherjar valdasvæði – heimurinn.¹⁶² Samhliða þessu og eflaust í margvíslegu samspili, hefur hugmyndin um þjóð veikst. „Hnattvæðingin veikir á skömmum tíma lýðræðisleg kerfi en meðal þeirra var þjóðin fremst í flokki,“ segir Jean-Marie Guéhenno og heldur svo áfram: „Lýðræði og þjóð voru í raun óaðskiljanleg og nú næra þrengingar þjóðarinnar kreppu lýðræðisins.“¹⁶³

Hnattvæðingin er mikil ögrun þeim sem hafa trú á lýðræðislegum stjórnarháttum og kann að kalla á mikilsverðar breytingar á stjórnskipulagi þjóða og hlutverki alþjóðastofnana. Þannig kann greinarmunurinn á utanríkismálum og innanríkismálum brátt að heyra sögunni til: öll mál eru í senn utanríkismál og innanríkismál. En hvað sem þessum atriðum líður, þá var það ekki þetta sem angraði kunningja minn.

¹⁶² Sjá t.d. Georg Henrik von Wright, „Tækniveldið, þjóðríki og náttúran“, *Framfaragöðsögnin*.

¹⁶³ Jean-Marie Guéhenno, „Kreppa lýðræðis“.

Sérfræðingaveldið

Sérfræðingaveldi getur einnig grafið undan lýðræði og það er sýnu skeinuhættara en hnattvæðingin fyrir þá sök að það er lúmskara – og við tökum því fagnandi. Sérfræðingaveldi getur tekið á sig ýmsar myndir. Þegar það varðar heilsufar kann það að birtast í sjúkdómsvæðingu þar sem hvers kyns frávik eru skilgreind sem afbrigðileg og kalla á meðferð.¹⁶⁴ Í uppeldismálum birtist sérfræðingaveldið í því að foreldrar vantreysta eigin dómgreind og leggja allt traust á ólíka sérfræðinga. Í efnahagsmálum birtist sérfræðingaveldið í því að fólk spyr sig ekki sjálft hvað sé skynsamlegt, á hverju það þurfi að halda eða hvers konar breytingar það vilji sjá, heldur leggur það traust sitt á hagfræðinga og greiningardeildir banka. Og við fögnum öllum þessum sérfræðingum vegna þess að nútíminn er svo flókinn að venjulegt fólk skilur hann ekki – það þarf sérfræðinga til. En ef við leggjum traust okkar um of á sérfræðingana, þá gröfum við undan okkur sjálfum sem manneskjum. Við afsölum sjálfræði okkar í hendur annarra. Á sviði stjórnmalanna þýðir þetta að við framseljum okkar eigið sjálfstæði í hendur annarra og að lokum vöknum við kannski upp við þann vonda draum að við höfum aflagt sjálfan hæfileikann til að hugsa. Við höfum breyst í dómgreindarlaus reköld.

Lýðræði þrífst ekki meðal dómgreindarlausra, vanhugsandi einstaklinga heldur krefst það virkra, hugsandi og sjálfstæðra borgara. Stundum segjum við að það sé helsti kostur lýðræðissamfélags að þar sé fólkið frjálst. Þetta getur verið rétt, en fólk verður aðeins frjálst – það verður aðeins borgarar frekar en þegnar – ef það hefur tamið sér að hugsa og taka þátt í að móta þann vilja sem birtist í athöfnum ríkisins. Þetta var hugsun Rousseaus í hinni mögnuðu bók *Samfélagsáttmálanum*.¹⁶⁵ Undan þessu kann sérfræðingaveldið að grafa, en ekki vegna þess að sérfræðingarnir séu svo gírugir til valdsins, heldur vegna leti þeirra sem reiða sig á þá. En það var ekki þetta sem kunningi minn var að kvarta yfir.

¹⁶⁴ Sjá t.d. Ólafur Páll Jónsson og Andrea Ósk Jónsdóttir ritstj., *Sjúkdómsvæðing*.

¹⁶⁵ Jean-Jacques Rousseau, *Samfélagsáttmálinn*.

Velmegun og vani

Sumir segja að velmegunin, sem er helsta keppikefli fólks nú á tímum eins og endranær, hafi grafið undan lýðræðinu. Ástæðan er sögð sú að það sígi pólitískur höfði á fólk yfir gufunum úr rjúkandi kjötkötlunum. Þegar við bætist að fólk er vant því að búa við sjálfstæði, vant því að búa við réttaröryggi, vant því að hafa velferðarkerfi, vant því að hafa aðgang að menntun, o.s.frv., þá gleymir það því að allir þessir hlutir, sem eru kjarni velmegunarinnar, eru síður en svo sjálf-sagðir. Þeir hafa einungis orðið að veruleika vegna fórnfýsi ótal einstaklinga og þeir eru afrakstur af pólitísku starfi – þolinmóðri vinnu eftir lýðræðislegum leikreglum.

Gott og vel, en þótt hér séu hættur þá var það hvorki velmegun- aralið skeytingarleysi né svefngengilsháttur vanans sem olli kunn- ingja mínum hugarangri.

3. Kosningar og kaupskapur

Að kjósa í lýðræðislegum kosningum er félagsleg athöfn. Að kaupa sér nýjar buxur er persónuleg athöfn, ekki félagsleg. Sá sem tekur þátt í að velja valdhafa í kosningum tekur þátt í að velja fyrir sjálfan sig og *alla samborgara sína*. Sá sem kaupir sér nýjar buxur, velur einungis fyrir sjálfan sig en ekki líka fyrir samborgarana, hvað sem fjötr- um tískunnar líður. Eða hvað?

Eru stjórnsmál kannski bara kaupskapur á markaði? Eru reglur lýðræðisins kannski sambærilegar við þær reglur sem settar eru um viðskipti á frjálsum markaði? Eígum við kannski að líta á kosningar til sveitarstjórna vorið 2006 sem eins konar uppboð á hlutum í ólík- um hlutafélögum hringinn í kringum landið: Reykjavík, Kópavogur, Árborg, Ölfus, Borgarbyggð, ... Og svo ræðst það af kaupunum á eyrinni hvers konar valdablokkir er hægt að mynda á næsta stjórnar- fundi. Hér er e.t.v. að finna skýringuna á því hvers vegna kjörsókn fer minnkandi. Fólk lítur á kosningar sem viðskipti og það hefur ýmist ekki mjög mikinn áhuga á vörunni sem er í boði, vill kannski frekar stærra hús og flatskjá heldur en velferðarkerfi, eða það finnur

til þess að almennar kosningar eru ekki sérlega skilvirk leið til að versla með þá vöru sem er í boði.

Samkvæmt þessari kaupskaparhugmynd um lýðræði var kunningi minn, sem kvartaði yfir áhrifaleysi síns manns í borgarstjórn, einfaldlega í sömu stöðu og sá sem er í minnihluta í hlutafélagi. Kannski líta ýmsir stjórnámálamenn einmitt svona á kosningar og það er ekki endilega neitt vitlaust við þessa sýn. Það er jú ekkert sammæli um hvað orðið 'lýðræði' merkir. En við getum spurt okkur sjálf, og það er líklega það sem kunningi minn hafði gert og olli honum hugarangri: Er svona lýðræði eftirsóknarvert?

Svarið við spurningunni fer eftir því hver á í hlut. Svona lýðræði kann að vera eftirsóknarvert fyrir þann sem heldur um valdataumana – fyrir meirihlutann. Það er örugglega ekki eftirsóknarvert fyrir þann sem er í minnihluta. Þetta er í raun kenning Þrasýmakkosar um réttlætið yfirfærð á lýðræðið: Lýðræði er það sem kemur sér vel fyrir valdhafann. En er svona lýðræði góð stjórnskipan? Flestir myndu eflaust svara því neitandi, vegna þess að þetta er einhvers konar harðstjórn – stjórn sem byggist á því sem kemur valdhafanum vel á kostnað hinna sem ekki eru við völd. Það sem lýðræðið hefur til síns ágætis er þá kannski ekki annað en það sem ég hafði eftir Popper: Lýðræði er stjórnarfar sem gerir fólki kleift að skipta um valdhafa án blóðsúthellinga.

Hefur lýðræðið þróast út í tímabundna harðstjórn valdhafa? Og ef svo er, hvað hefur þá farið úrskeiðis? Harðstjórn er stjórn sem virðir að vettugi verðleika þeirra sem ekki fara með völdin, eða setur í það minnsta verðleika valdhafanna ofar verðleikum annarra. Lýðræðislegar stjórnir í samtímanum, t.d. borgarstjórn Reykjavíkur, hafa á sér margvíslegan harðstjórnarbrag. Dæmið sem ég hafði eftir kunningja mínum, nefnilega að flokkur sem hefur 10% fylgi hefur engan mann í nefnd, vitnar um ákveðinn harðstjórnarbrag. Kannski vitnar minnkandi kjörsókn um það að hið lýðræðislega kerfi, þar sem kosningar á fjögurra ára fresti skipta höfuðmáli, birtist kjósendum sem afmyndað – ranglæti í gæru réttlætis. Og þá er ekkert einkenni-legt við það að einhverjir hugsu sem svo: Hvers vegna að taka þátt í þessum leik ef hann er bara skrípaleikur?

Ég veit ekki hvort valdhafar í Reykjavík og í sveitar- og bæjarstjórnnum hringinn í kringum landið þar sem kjörsóknin hefur dregist saman, hafa hugleitt að kannski liggi orsökina fyrir áhugaleysi almennings einmitt hjá þeim. Að áhugaleysið skýrist ekki af því *hverjir* kjósa heldur *hvernig* er stjórnað.